


Ægishjálmur

Skrifað af Strandagaldur
Laugardagur, 03. Desember 2005 08:50

Ægishjálmur er varnarstafur gegn illum vættum, óvinum og yfiringi og reiði höfðingja. Stafurinn skal ristur í blýplötu sem síðan er þrýst á ennið á milli



augnanna og þrykkur í hörundið. Galdramaðurinn skal þylja formála þann sem galdrastafnum fylgir:

"Fjón þvæ ég af mér fjanda minna,
rán og reiði ríkra manna".

Við það öðlast hann það hugrekki sem til þarf, að ganga gegn hverju hann óttast.